

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

SPURNINGAHEFTI

Nafn: _____

Bekkur: _____

- Prófið er í þremur hlutum: Spurningahefti, svarblað og ritunarblað.
- Merktu svarblað og ritunarblað með nafni þínu, kennitölu og skóla.
- Settu nafn þitt líka á spurningaheftið.
- Lestu öll fyrirmæli vandlega.
- Íslenskuprófið skiptist í bókmenntir og lestur (55%), málfræði (25%) og ritun (20%).
- Svör við öllum spurningum í þessu hefti á að færa á svarblaðið.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

[Mamma] stendur á fætur og tekur hálminn og dagblaðarifrildið upp af gólfinu og treður því í kassann meðan hún tuldrar eitthvað um fáheyrðu endemis vitleysuna í manninum að gefa mér uppstoppaðan fugl. [...]

Tignarlegt sköpunarverkið blasir við mér uppi á skrifborði, fryst að eilífu einsog ljósmynd; útbreiddir vængir, þanið brjóst, ógnandi goggur, klærnar læstar í stöpulinn. Fálkinn, Falco rusticolus, er glæsilegur að sjá þegar hann svífur um himininn og steypir sér á þrjú hundruð kílómetra hraða niður að bráðinni og heggur í hana klónum einsog þrumufleygur. Það er rjúpan sem er uppáhalds fórnarlambið hans. Sjálfur á hann enga óvini svo hann hefur ekkert að óttast en ríkir einsog konungur yfir himninum.

Þjóðsagan segir að eitt sinn hafi María mey kallað til sín alla fugla heimsins og skipað þeim að vaða eld til að sanna trú sína og hollustu við sig. Á þeim tíma voru fálkinn og rjúpan einsog systkin og elskuðu og dáðu hvort annað. En rjúpan var huglaus og þorði ekki að vaða eldinn. Þess vegna eru fætur hennar ennþá loðnir en fætur annarra fugla sviðnir inn að skinni. María mey reiddist rjúpunni og lagði á hana að hún skyldi verða meinlausust og varnarlausust allra fugla og um leið sá fugl sem allir vildu veiða, og þá sérstaklega fálkinn, bróðir hennar. Því er það svo að fálkinn veiðir einna helst rjúpunna, ofsækir hana eina, drepur og étur. En þegar hann hefur rífið upp á henni brjostið og sér hjarta hennar, þekkir hann aftur systur sína. Þá setur að honum svo mikla sorg að hann vælir aumlega lengi á eftir svo undir tekur í hlíðum og hamrabjörgum. En hann fær ekki ráðið við eðli sitt; þrátt fyrir harminn sem því fylgir verður hann að ofsækja sína elskuðu vinu.

Skyldi þabba líða eins og fálkanum þegar hann hugsar til mömmu? Skyldi mömmu ennþá sviða í hjartað? Ef ég hefði ekki fæðst hefði mamma kannski gifst einhverjum bóndanum fyrir norðan, og pabbi sjálfsagt einhverri annarri á endanum. Það var bara vegna þess að þau hittust fyrir tilviljun á einhverju sveitaballi og dönsuðu saman þegar Bítlalagið var spilað að ég varð til. Kannski átti ég aldrei að verða til? Kannski var það kraftaverk?

Á skrifborðinu liggur bókin mín: „Lífið og tilveran eftir Svein Ólafsson“, þykk stílabók þar sem ég skrái allt sem skiptir máli í lífinu. Ég hef nefnilega komist að því að þegar maður rannsakar náttúruna og dýraríkið með vísindalegum aðferðum lærir maður að skilja það sem skiptir máli í lífinu og tilverunni. Ég opna bókina og byrja að teikna mynd af fálkanum efst á síðuna. Fyrst útlínurnar með hörðum blýanti og síðan skyggi ég hann með mjúkum blýanti, dreg upp smáatriðin í fingerðum fjöðrunum, stoltið í þöndu brjóstinu, grimmdina í hvössu augnaráðinu, kraftinn í flugbeittum klónum sem bora sér inn í stöpulinn. Svo skrifa ég fyrir neðan allt sem ég mögulega veit um fálkann og þar kemur fyrst sagan af því hvers vegna hann fór að veiða rjúpunna. Auðvitað er það bara þjóðsaga, en einhvern veginn finnst mér meiri sannleikur fólgin í henni en mörgu öðru sem á að vera satt og rétt. Og hvers vegna getur rjúpan ekki varið sig? Er það ekki vegna þess að innst inni vill hún láta fálkann veiða sig. Hlýtur hún ekki að þrá faðmlag hans þó hún viti að það verði hennar bani? Þau eru elskendur sem aldrei geta mæst nema á stund dauðans; eitt augnablik horfast þau í augu og sjá hvort annað í réttu ljósi. Svo er öllu lokið.

(Friðrik Erlingsson, 1998, Góða ferð, Sveinn Ólafsson)

1. Í upphafi textans segir frá

- A afskiptaleysi föður.
- B erfiðum samskiptum.
- C hugarástandi drengs.
- D viðbrögðum við gjöf.

2. Í upphafi textans leggur höfundur áherslu á ? fálkans.

- F hryggð
- G styrk
- H úthald
- I visku

3. „Sjálfur á hann enga óvini svo hann hefur ekkert að óttast en ríkir einsog konungur yfir himninum.“

Í málsgreininni kemur fram

- K hlutgerving.
- L myndhverfing.
- M persónugerving.
- N viðlíking.

4. Fuglarnir áttu að vaða eld til að

- P hægt væri að skipa þeim í virðingarröð.
- R komast hjá refsingu Maríu.
- S sýna tryggð sína við Maríu.
- T verja stöðu Maríu.

5. Hvers vegna reiddist María rjúpunni?

- V Af því að rjúpan forðaðist Maríu.
- X Af því að rjúpan vingaðist við fálkann.
- Þ Henni fannst rjúpan hafa svikið sig.
- ✿ Æ Vegna þess að rjúpan reyndist kjarklaus.

6. Hvers vegna ofsækir fálkinn rjúpuna samkvæmt þjóðsögunni?

- A Rjúpan er auðveld bráð.
- B Rjúpan er hans helsta fæða.
- C Rjúpan hafði svikið fálkann.
- D Rjúpan var hneppt í álög.

7. Hvaða tilfinning grípur fálkann þegar hann opnar brjóst rjúpunnar?

- F ást
- G eftirsjá
- H sjálfsvorkunn
- I öfund

8. Af hverju líkir drengurinn pabba sínum við fálkann?

- K Hann telur pabba hafa elt mömmu uppi.
- L Hann telur pabba hafa sært mömmu.
- M Pabbi hafði horfið á braut.
- N Pabbi hafði verið strangur uppalandi.

9. Hvers vegna skrifar sögumaður í dagbók?

- P Hann vill rannsaka líf sitt.
- R Hann vill varðveita minningar.
- S Sér til dægrastyttingar.
- T Sér til huggunar.

10. Kveikjan að þjóðsögunni er að skýra

- V vald Maríu meyjar.
- X varnarleysi rjúpunnar.
- Þ veiðiaðferðir fálkans.
- ✿ Æ væl fálkans.

11. „Og hvers vegna getur rjúpan ekki varið sig?“ Í orðabók stendur: „verja“: **1** halda uppi vörn; **2** hindra e-n að fá e-ð; **3** flytja mál sakbornings; **4** ráðstafa e-u.

Hvaða merkingu hefur orðið í textanum?

- A merkingu 1
- B merkingu 2
- C merkingu 3
- D merkingu 4

12. Í textanum notar höfundur þjóðsöguna til að

- F fræða lesendur um tilurð fuglanna.
- G spegla aðstæður úr lífi drengsins.
- H undirstrika atburði í upphafi textans.
- I varpa ljósi á samskipti mæðginanna.

Hvaða skraut, myndir og minnismiðar rata á ísskápshurðina getur sagt margt um fjölskylduna eða einstaklinginn sem býr á heimilinu. Þessu komst Jóhanna Sigríður Hannesdóttir að en hún kynnti sér sérstaklega ísskápshurðir í lokaverkefni sínu í þjóðfræði. Þó ekki sé hægt að alhæfa út frá niðurstöðunni var skýrt að ísskápshurðin tilheyrir húsmóðurinni á heimilinu sem sér að mestu um að setja hluti þar á.

„Ísskápshurðir á barnmörgum heimilum voru öðruvísi en ísskápshurðir einstæðinga og þeirra sem áttu uppkomin börn. Þar sem börn voru á heimilinu voru oftast fleiri hlutir á ísskápshurðinni og meiri óreiða. Í raun jókst óreiðan í réttu hlutfalli við fjölda barna,“ segir Jóhanna Sigríður Hannesdóttir, blaðamaður á Sunnlenska, sem í BA-ritgerð sinni í þjóðfræði við Háskóla Íslands fjallar um hvernig ísskápshurðir endurspeglar eigendur þeirra og samfélagið sem þeir búa í.

Hún segir marga hafa hváð þegar þeir heyrðu af því að hún væri að vinna lokaritgerð í háskóla um ísskápshurðir en hugmyndina fékk hún eitt sinn þegar hún var að horfa á ísskápshurðina hjá tengdamóður sinni, áttaði sig á því hversu gjörólík hún var ísskápshurðinni á hennar eigin heimili og fór að velta fyrir sér hvort skreytingar, miðar og myndir á ísskápshurðum – eða skortur á þeim – gæti veitt innsýn í líf heimilisfólks.

Við vinnsluna tók hún allt að klukkustundarlöng viðtöl við viðmælendur sína um hvað væri á ísskápshurðinni þeirra, og hvers vegna. Í framhaldinu óskaði hún eftir myndum frá fólki af ísskápshurðum auk upplýsinga um heimilishald.

„Það kom mér einna mest á óvart við rannsókn þessa hversu algengt er að konan á heimilinu sjái um að skreyta ísskápshurðina. Jafnframt komst ég á snoðir um að sá eða sú sem helst sér um matseldina á heimilinu er einnig sá eða sú sem

helst setur hluti á ísskápshurðina. Oftar en ekki er það einmitt húsmóðirin. Þar sem karlmaðurinn er virkur í eldhúsinu setur hann líka hluti á ísskápshurðina. Það virðast vera bein tengsl milli aukinnar virkni karlmansins í eldhúsinu og þess að hann setji hluti á ísskápshurðina í auknum mæli,“ segir Jóhanna en tekur fram að það hafi alls ekki verið ætlun hennar með verkefninu að skoða kynjaskiptingu sérstaklega. Hún hafi þó ekki getað hunsað þessar niðurstöður. „Ísskápshurðin tilheyrði konunni fyrst og fremst. Virðist það tengjast því að eldhúsið er oftar en ekki staður konunnar – þó að við séum komin á 21. öldina,“ segir hún.

Jóhanna telur það enga tilviljun að viðmælendur hennar völdu að setja minnismiða, stundatöflur og fleira á ísskápshurðina en ekki einhvern annan stað. „Við ísskápinn er einfaldlega mesta umferðin. Fólk þarf að borða á hverjum degi og því er líklegt að fólk reki augun í eitthvað sem stendur á hurðinni, eitthvað sem þarf að muna,“ segir hún.

„Við rannsókn mína varð ég oft sorgmædd, sérstaklega þegar ég greindi aðsendu myndirnar. Þær myndir fékk ég sendar frá alls konar fólki, einstæðingum og fjölskyldufólki, ungum sem öldnum. Maður sá vel á þessum myndum hvað tíminn líður hratt og hvernig ísskápshurðin tekur stakkaskiptum þegar börnin flytja að heiman. Þá verður minni óreiða á ísskápshurðinni og um leið fær hún á sig einmanalegan blæ,“ segir Jóhanna. Hún tekur fram að niðurstöður hennar sé ekki hægt að yfirfæra á samfélagið án varnagla og varast skuli alhæfingar. „Ef það er eitthvað sem ég komst að með rannsókn minni er það að ísskápshurðir er vert að rannsaka nánar,“ segir hún.

(Erla Hlynsdóttir, Kvennaveldi á ísskápshurð, Fréttatíminn, 6. júní, 2014)

13. Um hvað fjallaði lokaverkefni Jóhönnu Sigríðar?

- K Mismunandi þarfir fjölskyldunnar.
- L Sterka stöðu kvenna á heimilum.
- M Upplýsingar sem ísskápshurðir veita.
- N Varðveislu skilaboða á ísskápshurðum.

14. Hvert eftirfarandi er samhljóma niðurstöðum Jóhönnu um ísskápshurðir?

- P Ísskápar einstæðinga eru miðalausir.
- R Samfélagið hefur áhrif á innihald miða.
- S Stærð fjölskyldu ákvarðar fjölda miða.
- T Teikningar barna eru flestar þar.

15. Eitt markmiða rannsóknarinnar var að

- V fá fólk til að tjá sig um heimili sín.
- X reyna að rétta hlut kvenna í heimilisstörfum.
- P skoða ísskápshurðir út frá félagslegri stöðu fólks.
- ✿ Æ skoða verkaskiptingu kynjanna í eldhúsinu.

16. Hvað kom Jóhönnu mest á óvart við samningu ritgerðarinnar?

- A Að fjölbreytni minnismiða á ísskápshurðum er mikil.
- B Að karlmenn hafa tekið stjórnina í eldhúsinu.
- C Að konur bera enn meginhluta ábyrgðar á heimilinu.
- D Að myndir á ísskáp endurspeglar stærð fjölskyldunnar.

17. „... þó að við séum komin á 21. öldina ...“ Í þessum orðum koma fram

- F áhyggjur.
- G efasemdir.
- H tilfinningar.
- I viðhorf.

18. Hvað gerði Jóhönnu sorgmædda við greiningu aðsendu myndanna?

- K Breyttar aðstæður í lífi fólks.
- L Fábreytni miða á ísskápum.
- M Óreiðan á ísskápum.
- N Vaxandi fjöldi einstæðinga.

19. Um hvað fjallar greinin?

- P Athyglisverðar rannsóknir á félagslegri hegðun.
- R Blaðakonu sem stundar nám í útlöndum.
- S Einstæðar rannsóknir á myndum af ísskápum.
- T Unga blaðakonu sem skrifaði skemmtilega ritgerð.

Á fjallsins hljóðu eyðilöndum átt
þú upptök þín við grænan dýjablett,
þar sýgur grasið sól og jarðarmátt,
þar syngur heiðló milt við barð og klett.

Í hyljum þínum speglast grjótið grett,
hið gráa ský og heiðið fagurblátt,
uns haust og vetur hefja glaðan sprett
og hneppa þig í kaldan fjötur brátt.

Þitt spor mun eigi að sumri síður létt,
þitt sönglag eigi að vori miður kátt,
en ævi manns var eigi fyrir sett
að öðlast nýjan styrk á slíkan hátt.

Því hrukkan verður aldrei aftur slétt,
og aldrei dökkar frammar hárið grátt.

Jón Helgason

20. Í fyrsta erindi kemur fram að
lækurinn á upptök sín

- V á heiði.
- X í fljóti.
- Þ í stöðuvatni.
- ✿ Æ við jökul.

21. Hvaða hugblær er ríkjandi í
upphafserindi ljóðsins?

- A kvíði
- B kæti
- C ró
- D vonleysi

22. Í öðru erindi kemur fram

- F að lækurinn er alltaf í fjötrum.
- G að náttúra landsins á undir högg að sækja.
- H hvernig árstíðirnar breyta læknum.
- I virðing höfundar fyrir náttúrunni.

23. „Þitt spor mun eigi að sumri síður létt, þitt
sönglag eigi að vori miður kátt,“

Hver er ávarpaður í þessum línum?

- K ástin
- L lækurinn
- M vorið
- N ævin

24. Hvað er borið saman í ljóðinu?

- P landslag og gamalt fólk
- R lækur og mannsævi
- S náttúra og mannsævi
- T upptök lækjar og manneskjur

25. Ljóðstafir í upphafslínunum ljóðsins eru

- V á – á – þ
- X ey – á – u
- P ey – á – þ
- ✿ Æ f – ey – þ

26. Hvaða myndmál er áberandi í ljóðinu?

- A hlutgervingar
- B myndhverfingar
- C persónugervingar
- D viðlíkingar

Málfræði

27. „Formaðurinn skaraði eld að eigin köku og við urðum að borga brúsann.“

Undirstrikuðu orðin þýða að

- F brenna eitthvað til ösku.
- G éta aðra út á gaddinn.
- H hugsa um hagsmuni sína.
- I sækjast eftir nýjungum.

28. Hvernig er Hróðmar Askur í eignarfalli?

- K Hróðmari Aski
- L Hróðmari Asks
- M Hróðmars Ask
- N Hróðmars Asks

„Fýlar byrja yfirleitt ekki að verpa fyrr en átta til tíu ára gamlir en geta lifað fram á sextugsaldur.“

29. Hvaða orðflokki tilheyrir orðið „yfirleitt“?

- P atviksorðum
- R fornöfnum
- S forsetningum
- T samtengingum

30. Hvaða orðflokki tilheyrir orðið „en“?

- V atviksorðum
- X fornöfnum
- P forsetningum
- ✿ Æ samtengingum

31. Hvaða orðflokki tilheyrir orðið „á“?

- A atviksorðum
- B fornöfnum
- C forsetningum
- D samtengingum

32. Hvað telst gott mál?

- F Frumvarp um að frestur á verkfalli undirmanna á Herjólfri var samþykkt á Alþingi.
- G Hundraða er saknað eftir að ferja sökk seint í gærkvöldi.
- H Það er mjög tæknilega eðlis þetta skjal.
- I Það mátti lesa úr svip vitnisins að það hafði farið með fleipur.

33. Hvað telst gott mál?

- K Ég saknaði engans.
- L Ég vill heimsækja afa.
- M Mér var sagt upp vinnunni í gær.
- N Það var beðið mig að vaska upp.

Sjórinn var miðblár á morgnana. Víkin eins og postulínsdiskur með hvítri rönd á kantinum. Systurnar héldu í fyrstu að það væru vindarnir fyrir vestan sem hefðu ráðið ákvörðun móður þeirra. Þessir köldu vindar úr háloftunum sem hnita hringa yfir bæjunum sem kúra í dalnum, steypa sér niður, rífa og tæta, lemja menn og skepnur, æsa upp hafið svo það verður illvíg ófreskja sem gleypir unga menn. Ungu fallega feður sem fara fullir bjartsýni í sjóróðra fyrir sólarupprás en koma ekki til baka eftir sólsetur eins og þeir lofuðu. Karitas vaknaði oft þegar pabbi hennar var að fara, hann sá hana vakandi í rúminu, rétti henni brauðsneið með púðursykri á, hún maulaði hana meðan baðstofan svaf. Hann gaf henni fyrstu skissubókina, hafði keypt hana á Ísafirði, sagði að hún væri svo drátthög, hefði það líklega frá sér. Hann teiknaði svo fallega, hann pabbi hennar, sýndi henni hvernig ætti að fara að. Svo fór hann einn morguninn og kom ekki um kvöldið.

Systurnar létu sér líka detta í hug að móðir þeirra hefði fengið nóg af vinnukonunni og þessum köstum hennar. Kerlingaranginn átti ætíð vonda daga milli kyndilmessu og krossmessu því á þeim tíma fyrir tug ára hafði fjallið sent hvítan dauða yfir dalinn. En þótt hún hefði tapað glórunni þegar snjóflóðið gleypiti börnin hennar var hún umgengnisgóð milli kasta og hamhleypa til vinnu, enda höfðu flutningarnir ekkert með hana að gera, það kom í ljós þegar bræðurnir spurðu mömmu sína hreint út hvers vegna þau ættu að flytja.

Þið eigið að fara í gagnfræðaskólann á Akureyri, sagði hún. Bætti svo við: ég hef heyrt að það sé svo mikill gróður í þeim bæ.

Þau höfðu oft heyrt hana tala um gagnsemi skólagöngu, hversu mikla þýðingu það hefði að vera vel lesinn og menntaður, sjálfa hafði hana langað til að læra yfirsetufræði, en þá hefði hún þurft að fara suður eða til Kaupmannahafnar og eitthvað fórst það nú fyrir enda þótt faðir hennar

hefði verið þokkalega stæður og kannski getað kostað hana. Ætli það hafi ekki verið pabbi sem hélt henni kjurri fyrir vestan, sagði Halldóra. Þetta var svo fallegur maður, hún hefur ekki viljað missa hann í hendurnar á annarri. Farkennarinn hafði líka minnst á það við móður þeirra að það þyrfti að koma elsta syninum, honum Ólafi, í nám [...] og ekki væri Páll, sem næstur honum kom, síðri á bókina, hafði hann sagt. Á systurnar, [...] sem voru þó eldri en bræðurnir og lásu ekki af minni list, hafði hann ekki minnst. En móðir þeirra hafði einnig reiknað með fræðslu þeim til handa frá byrjun. Hún sagði: tímarnir eru að breytast, fyrir sunnan fara konur í skóla, meira að segja Lærða skólann, þær gefa út blöð, sitja í bæjarstjórn og eru komnar með stéttarfélag. Þetta endar með því að þær fara á þing þarna fyrir sunnan.

En vinnukonan vildi ekki með norður.

Fer ekki fet, fyrir vestan er ég fædd og fyrir vestan skal ég drepast. Ég yfirgef ekki víkina meðan börnin mín liggja undir grösugum dalnum og bíða eftir henni mömmu sinni. Hún stagaðist á því óráði móður þeirra að ætla sér að flengjast um fjöll og firnindi með sex börn, og á útmánuðum var því um fátt annað rætt í dalnum en þá hryggilegu ákvörðun ekkjunnar að ætla sér út í óvissuna með börnin sex. Kuldahrollur fór um menn við tilhugsunina. Þegar við bættist sá ásetningur hennar að koma öllum krakkahópnum á skólabekk hristu menn lengi höfuðið og fóru að spyrja hver annan í alvöru hvort það væri ef til vill Steinunn Ólafsdóttir sjálf sem væri galin en ekki vinnukonugreyið. Og vinnukonan sem enginn hafði áður viljað fékk nú fulla samúð sveitunga sinna og var boðin vist á þrem bæjum í dalnum. Útvegsbóndinn sem hafði haft syni ekkjunnar með sér í róðra var sá eini sem áræddi að spyrja hana hvernig hún, eignalaus ekkjan, hefði hugsað sér að framfleyta sex börnum á mölinni? Ætli ég brúki ekki prjónavélina, ansaði hún með hægð.

34. Hverju voru systurnar að velta fyrir sér í upphafi textans?

- P ákvörðun
- R bjartsýni
- S ófreskju
- T vindum

35. „Þessir köldu vindar úr háloftunum sem hnita hringa yfir bæjunum sem kúra í dalnum, ...“

Hvað er persónugert í setningunni?

- V bæirnir
- X dalurinn
- P háloftin
- ✿ Æ hringirnir

36. Kaflinn hefst á umfjöllun um

- A erfiðar heimilisaðstæður.
- B óblítt veðurfar.
- C skilnað foreldra.
- D vandamál fátækra.

37. Hvað einkenndi samskipti feðginanna?

- F afskiptaleysi
- G afskiptasemi
- H sundurþykkja
- I væntumþykja

38. Hvað varð um föður stúlkunnar?

- K Hann flutti til Ísafjarðar.
- L Hann flutti vestur um haf.
- M Hann fórst í sjóslysi.
- N Hann lenti í snjóflóði.

39. Hvað réði ákvörðun móðurinnar um flutninginn?

- P erfiður fjárhagur
- R hvarf föðurins
- S menntun barnanna
- T veikindi vinnukonunnar

40. Fram kemur í textanum að faðir móðurinnar hafi verið

- V í skóla í Reykjavík.
- X vel efnum búinn.
- P vinsæll og virtur.
- ✿ Æ þekktur embættismaður.

41. Hvaða þjóðfélagsbreytingar skynjaði móðirin?

- A fábreyttari blaðaútgáfu
- B fjölgun menntastofnana
- C minnkandi kynjamisrétti
- D öflugra stjórnmalastarf

42. „Kuldahrollur fór um menn við tilhugsunina.“ Orðin vísa til þess að

- F einstæð móðir ætlaði að flytja langa leið með barnahóp.
- G konur gætu mögulega tekið sæti á Alþingi Íslendinga.
- H vinnukonan hafði misst börn sín í snjóflóði.
- I vinnukonan ætlaði að verða eftir þegar húsmóðirin flytti.

43. Viðhorf sveitunganna til vinnukonunnar breyttust þegar þeir

- K áttuðu sig á veikindum hennar.
- L fréttu af áformum Steinunnar.
- M heyrðu um afdrif barna hennar.
- N spurðu um álit útvegsbóndans.

44. Orðmyndin „áræddi“ merkir

- P sagði.
- R vildi.
- S vissi.
- T þorði.

45. Textinn er um konu sem

- V er á undan sinni samtíð.
- X flutt hefur milli landshluta.
- P langar að komast á þing.
- ✿ Æ ætlar að stofna fyrirtæki.

46. Hvað telst gott mál?

- A Ég er sonur Þóri og Guðnýjar.
- B Ég er sonur Þóris og Guðnýjar.
- C Ég er sonur Þóris og Guðnýjar.
- D Ég er sonur Þóris og Guðnýju.

47. Hvað telst ekki gott mál?

- F Fargið ekki öllu fiðurfénu strax.
- G Fergið ætlaði mig lifandi að drepa.
- H Við skulum fergja heyið því brátt rignir.
- I Það var þungu fargi af mér létt.

48. Orðtakið að „standa með pálmann í höndunum“ merkir að

- K hafa metnað.
- L hrósa sigri.
- M vera niðurlægður.
- N vera svartsýnn.

49. Systkinin urðu ósátt af litlu tilefni og hafa ekki talast við lengi.

Málshátturinn sem við á er

- P á misjöfnu þrífast börnin best.
- R betri er hálfur skaði en allur.
- S oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.
- T sjaldan er ein báran stök.

50. Hvert eftirtalinna orða ætti að skrifa með litlum upphafsstaf?

- V Antarktíka
- X Hvítasunna
- P Litli-Dunhagi
- Æ Svartfjallaland



51. Í hvaða málsgrein eru tvö óákveðin fornöfn?

- A Enginn heimsótti mig þá fáeinu daga sem ég var heima við.
- B Hver sér um búið meðan við erum báðir fjarverandi?
- C Margt skringilegt var á seyði hjá nokkrum leikmannanna.
- D Ykkar bústaður er mun stærri en okkar sem er á Flúðum.

52. Hvað telst gott mál?

- F Kristín og Guðrún litu hvor til aðrar.
- G Kristín og Guðrún litu hvor til annarrar.
- H Kristín og Guðrún litu hvor til annars.
- I Kristín og Guðrún litu til hvorrar annarrar.

53. „Krakkarnir komu gangandi alla leið sunnan úr Firði.“ Hér má finna sögn í

- K boðhætti.
- L lýsingarhætti nútíðar.
- M lýsingarhætti þátíðar.
- N nafnhætti.

54. Það hjálpar til við að sjá hvort sögn er í miðmynd að athuga ? sagnarinnar.

- P beygingu
- R endingu
- S hátt
- T kennimyndir

55. Öreind, óhreinir, síungar.

Hvað eiga þessi orð sameiginlegt?

- V Þau eru öll lýsingarorð.
- X Þau hafa öll forskeyti.
- P Þau hafa öll viðskeyti.



- Æ Þau innihalda öll upphrópun.

Þegar eftirfarandi atburðir í Grettis sögu gerast hefur Grettir verið eitt ár í útlegð.

Maður hét Gísli. Hann var sonur Þorsteins sem Snorri goði lét drepa. Gísli var mikill maður og sterkur og afburðarmaður í vopnum og klæðum og gerði um sig mikið og nokkuð sjálfhælinn. Hann var siglingamaður og kom það sumar út í Hvítá er Grettir hafði einn vetur verið í fjallinu. Þórður Kolbeinsson reið til skips. Gísli fagnaði honum vel og bauð honum varning sinn sem hann vildi. Þórður þá það og tóku þeir tal með sér. Gísli mælti: „Er það satt sem mér er sagt að þér verður ráðfátt að koma í burt skógarmanni þeim er yður gerir margt mein?“

Þórður sagði: „Ekki höfum vér til reynt en mörgum líst hann torsóttlegur vera og hefir að því mörgum orðið.“ [...]

Gísli sat við skip um haustið þar til er því var til hlunns ráðið. Bar honum margt til dvala og var af því síðbúinn og reið litlu fyrir veturnætur. Fór hann þá sunnan og gisti undir Hrauni fyrir sunnan Hítará.

Um morguninn áður Gísli reið þaðan talaði hann til fylgdarmanna sinna: „Nú skulum vér ríða í litklæðum í dag og látum skógarmanninn það sjá að vér erum eigi sem aðrir förumenn er hér rekast daglega.“

Þeir voru þrír saman og gerðu svo. Og er þeir komu út yfir ána þá talaði hann enn til: „Hér er mér sagt til skógarmannsins upp í tindunum þessum og ekki er hér greiðgengt. Eða mun honum eigi vel líka að finna oss og sjá þing vor?“

Þeir kveða hann jafnan vanan þess.

Þenna morgun hafði Grettir snemma upp staðið í bæli sínu. Veður var kalt og frjósanda og fallinn að snjór og þó lítill. Hann sá að þrír menn riðu sunnan yfir Hítará og skein á skruðklæðin og smelta skjölduna. Gretti kom nú í hug hverjir vera mundu og þykist munu þurfa að fá sér eitthvert

plagg af þessum. Var honum forvitni á að finna þá er svo mikið gömbuðu, tekur nú vopn sín og hleypur nú ofan í skriðuna.

Og er Gísli heyrði til að grjótið sarglaði mælti hann svo: „Maður fer þar ofan úr hlíðinni og heldur mikill og sá vill oss finna. Verðum nú við rösklega því að hér ber veiði í hendur.“

Fylgdarmenn hans sögðu þenna eigi mundu hlaupa í hendur þeim ef hann treysti sér eigi „og er vel að sá hafi brek er beiðist.“

Eftir það hlaupa þeir af baki.

Grettir kom að í því og tók til klæðsekks er Gísli hafði fyrir aftan sig við söðul sinn og mælti: „Þetta mun eg hafa. Eg lýt oft að litlu.“

Gísli svarar: „Eigi skal það vera eða veist þú eigi við hvern er þú átt um.“

Grettir svarar: „Eigi er mér það svo glögg um. Mun eg og ekki að þessu mannamun gera síðan eg mæli til svo lítils.“

„Vera má að þér þyki lítið,“ segir hann, „en heldur vil eg láta þrjá tigu hundraða. En ofarlega mun liggja ójafnaður í þér og sækjum að honum piltar og sjáum hvað hann má.“

Þeir gerðu svo. Grettir lét hefjast fyrir og veik að steini þeim er þar stendur við götuna og Grettishaf er kallað og varðist þaðan. Gísli eggjaði fast fylgdarmenn sína. Grettir sá nú að hann var ekki slíkur fullhugi sem hann lést því að hann stóð jafnan á baki mönnum sínum. Gretti leiddist nú þófið og sveipaði til saxinu og hjó annan fylgdarmann Gísla banahögg og hljóp nú frá steininum og sótti svo fast að Gísli hrökk fyrir allt út með fjallinu. Þá féll annar förunautur Gísla.

Grettir mælti þá: „Það sér lítt á að þú hefir víða vel fram gengið og illa skilst þú við þína féлага.“ Gísli svarar: „Sá er eldurinn heitastur er á sjálfum liggur og er illt að fást við heljarmanninn.“

Skiptust þeir þá fám höggum við áður en Gísli kastaði vopnunum og hefir á rás undan út með fjallinu. Grettir gefur honum tóm til að kasta því sem honum líkar og í hvert sinn er Gísli sér ráðrúm til kastaði hann einhverju klæði. Fór Grettir aldrei harðara eftir en sund var í milli þeirra. Allt hljóp Gísli út yfir fjallið og svo um þveran Kaldárdal og svo um Áslaugarhlíð og fyrir ofan Kolbeinsstaði og svo út í Borgarhraun. Þá var Gísli í línklæðum einum og gerðist nú ákaflega móður. Grettir fór eftir og var jafnan í hendingu með þeim. Hann reif þá upp hríslu mikla. En Gísli létti eigi fyrr en hann kom út að Haffjarðará. Hún var gengin upp og ill yfirferðar. Gísli ætlaði þegar út á ána. Grettir snaraði þá eftir honum og greip hann og kenndi þá aflsmunar.

Rak Grettir hann þá niður undir sig og mælti: „Ertu Gísli sá er finna vildir Gretti Ásmundarson?“

Gísli svarar: „Eg hefi nú fundið hann en eigi veit eg hversu við skiljumst og haf nú það sem þú hefir fengið en lát mig fara lausan.“

Grettir mælti: „Ekki mun þér skiljast það sem eg segi þér og verð eg nú að gera þér áminning“ rekur síðan skyrtuna fram yfir höfuð honum og lætur ganga límann um bak honum og báðar síðurnar. En Gísli fýsti jafnan að snúa sér undir. Afhýðir Grettir hann með öllu og lét hann síðan lausan. Hugsaði Gísli það að fyrr vildi hann ekki læra af Gretti en hafa slíka flenging aðra. Vann hann og aldrei oftár til slíkrar húðstroku.

En þegar Gísli kom fótum undir sig hljóp hann út á hyl einn mikinn og svimaði þar yfir ána og kom um nóttina á þann bæ er í Hrossholti heitir og var þá mjög þrekaður. Þar lá hann viku og hljóp blástur í búkinn. Eftir það fór hann til vistar sinnar.

Grettir sneri aftur og tók upp þing hans sem Gísli hafði niður kastað og færði heim til sín og fékk Gísli ekki af þeim síðan.

Mörgum þótti þetta maklega gert við Gísli fyrir umfang sitt og raup er hann hafði af sér gert.

(úr Grettis sögu)

56. Lesa má úr fyrstu efnisgreininni að Gísli

- A eigi sér engan jafnoka.
- B hafi siglt vestur um haf.
- C sé góður með sig.
- D sé ófriðsamur maður.

57. Hvað merkir orðið „skógarmaður“ í textanum?

- F einbúi
- G förumaður
- H sekur maður
- I skógarhöggismaður

58. Gísli klæðist litklæðum til að

- K afla sér virðingar heimamanna.
- L sýnast veraldarvanur.
- M vekja athygli Grettis.
- N vekja ugg í brjósti Grettis.

59. „Þeir kveða hann jafnan vanan þess.“

Til hvers er vísað?

- P förumannsins
- R Gísli
- S útlagans
- T Þórðar

60. „Verðum nú við rösklega því að hér ber veiði í hendur.“

Hvaða orð lýsir tilfinningunum sem hér búa að baki?

- V gleði
- X ótti
- Þ sigurvissa
- ✿ Æ vonleysi

61. Hvað á Grettir við með setningunni, „Eg lýt oft að litlu“?

- A Ég ágirnist það sem þú ert með í fórum þínum.
- B Ég er þekktur fyrir að berjast við smámenni.
- C Ég hef gaman af litlum, ómerkilegum hlutum.
- D Ég læt mér þetta lynda þótt ómerkilegt sé.

62. Hvaða orð lýsir best framgöngu Gísla í atlögunni að Gretti?

- F áráðni
- G drengskapur
- H hugleysi
- I lævísi

63. Hvað á Gísli við með orðunum „Sá er eldurinn heitastur er á sjálfum liggur ...“?

- K Brennt barn forðast eldinn.
- L Dugi nú hver sem betur getur.
- M Hver er sjálfum sér næstur.
- N Margur heldur mig sig.

64. Hvaða setning á best við lok bardagans?

- P Gísli fleygir vopnum sínum og leggur á flóttu.
- R Gísli leggur á flóttu ásamt félagu sínum út með fjallinu.
- S Grettir stendur uppi á Grettishafi og verst fimlega.
- T Grettir vegur annan félagu Gísla og Gísli leggur þá á flóttu.

65. Hvað á best við um eftirförina?

- V Gísli og Grettir eru með mörg járn í eldinum.
- X Grettir leikur sér að Gísla eins og köttur að mús.
- P Grettir og Gísli reyna að bera klæði á vopnin.
- ✿ Æ Þegar Grettir eltir Gísla mætast þar stálin stinn.

66. Hvernig reynir Gísli að biðja sér vægðar?

- A Hann býðst til að tala máli Grettis.
- B Hann býður Gretti eigur sínar.
- C Hann höfðar til góðmennsku Grettis.
- D Hann reynir að vingast við Gretti.

67. Hvaða orð lýsir Gísla vel?

- F illmenni
- G leiðindaskjóða
- H svikari
- I uppskafningur

68. Merktu við setninguna sem lýsir best þessu sögubroti.

- K Aðför snýst upp í sneypuför.
- L Barist er um auð og völd.
- M Fjölmennt lið höfðingja fer um héruð.
- N Reynt er að ná fram hefndum.

69. Hvert er megininntak textans?

- P Að gera lítið úr óvinum Grettis.
- R Að lýsa styrk og persónuleika Grettis.
- S Að skýra erfitt líf útilegumannsins Grettis.
- T Að sýna fram á spaugsemi Grettis.

70. Stíll textans er

- V alvarlegur.
- X gamansamur.
- P hátíðlegur.
- ✿ Æ hversdagslegur.

71. Hvað telst gott mál?

- A Hlakkar þér til jólanna?
- B Hlakkar þú til jólanna?
- C Mér hlakkar til jólanna.
- D Mig hlakkar til jólanna.

72. Hvað telst gott mál?

- F Mér minnti að einkanirnar hefðu verið hærrí.
- G Mér minnti að einkunnirnar hefðu verið hærrí.
- H Mig minnti að einkanirnar hefðu verið hærrí.
- I Mig minnti að einkunnirnar hefðu verið hærrí.

73. Hvert orðanna er óhlutstætt?

(óápreifanlegt)

- K nagli
- L skófla
- M skref
- N taða

74. Hvað telst gott mál?

- P Henni syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- R Honum syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- S Mér syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.
- T Mig syfjar alltaf yfir sjónvarpinu.

75. „Til árekstra kom þegar fulltrúa stéttarfélagsins var rekinn af fundinum.“
Ein villa leynist í málsgreinni. **Hver er hún?**

- V Ein sögn er ekki í réttum hætti.
- X Eitt orðanna er ekki í réttu falli.
- P Ekki er notuð rétt forsetning á einum stað.

❁ Æ Málsgreinin hefst ekki á frumlagi.

76. „Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni“

Hvaða málsháttur hefur svipaða merkingu?

- A Betri er krókur en kelda.
- B Enginn verður óbarinn biskup.
- C Skylt er skeggið hökunni.
- D Vandratað er meðalhófið.

77. Hvað telst gott mál?

- F Vektu Reyni þegar klukkuna vantar tíu mínútur í átta.
- G Vektu Reyni þegar klukkunni vantar tíu mínútur í átta.
- H Vektu Reynir þegar klukkuna vantar tíu mínútur í átta.
- I Vektu Reynir þegar klukkunni vantar tíu mínútur í átta.

78. Hvað telst ekki gott mál?

- K Búið er að rannsaka málið til hlítar. Glæpur hefur verið framinn en enginn virðist sekur.
- L Gríðarleg aukning í sölu á sætum karteflum. Það hefur orðið algjör sprenging í þessum málaflokki.
- M Landsliðsmennirnir geisla af sjálfstrausti. „Við erum efstir í okkar riðli sem stendur,“ sagði Heimir.
- N Verðfall á íslenskum tómtum. Vegna mikils framboðs fæst kílóíð nú á 370 krónur.

ÞESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ

ÞESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ